

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkynningu og enduroppnun, allt að kr. 300 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduroppnuð fyrir en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 200 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi er staðfest af atvinnumálaráðuneytinu 1. ágúst 1966 með gildistöku 1. ágúst 1966.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. ágúst 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

15. ágúst 1966.

Nr. 182.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið að Vífilsstaðavegur frá heilsuhælinu á Vífilsstöðum að Hafnarfjarðarvegi, skuli vera aðalbraut og hafi umferð um veginn forgangsrétt um alla umferð aðliggjandi gatna.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 15. ágúst 1966.

Einar Ingimundarson.

24. ágúst 1966.

Nr. 183.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps í Kjósarsýslu, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

- I. Tvístefnuakstur hefur verið ákveðinn **Skerjabraut**.
- II. Umferð úr Skerjabraut á **Lambastaðaveg**, hefur verið bönnuð.
- III. Umferð um Skerjabraut hefur forgangsrétt fyrir umferð af **Lambastaðavegi**.
- IV. Bifreiðastöður eru bannaðar á **Skólabraut**, sunnan og vestan megin götunnar, og éinnig er algerlega bannað að leggja bifreiðum vestan megin á **Melabraut** á þeim hluta götunnar, sem einstefnuakstur er um.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 24. ágúst 1966.

Einar Ingimundarson.